

Þingsályktun um skipulag viðbragðaáætlunar kirkjunnar vegna stórslysa.

Númer:

15

Ár:

2004

Kirkjuþing 2004 samþykkir eftirfarandi ályktun um

Neyðarskipulag kirkjunnar vegna stórslysa

I. Hópslysanevnd kirkjunnar

Hópslysanevnd kirkjunnar er fastanevnd sem starfar í umboði Kirkjuráðs og Biskups Íslands og ber ábyrgð á að skipuleggja og hafa umsjón með viðbrögðum kirkjunnar vegna stórslysa. Í nefndinni eiga sæti:

- a) Biskupsritari
- b) Framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar
- c) Forstöðumaður Fjölskylduþjónustu kirkjunnar
- d) Sjúkrahúsprestur þjóðkirkjunnar
- e) Einn fulltrúi tilnefndur af kirkjuráði til fjögurra ára og er hann formaður nefndarinnar.

Hjálparstarf kirkjunnar leggur nefndinni til aðstoðu og starfsmann er stórslys ber að höndum.

II. Verksvið

Hópslysanevnd hefur yfirumsjón með skipulagi á viðbrögðum kirkjunnar vegna stórslysa og samhæfir aðgerðir hennar.

a) Nefndin ber ábyrgð á Neyðarskipulagi kirkjunnar vegna stórslysa (sjá lið h). Nefndin og/eða prófastar meta það hverju sinni hvenær ástæða sé til að virkja Hópslysanevnd og Neyðarskipulag kirkjunnar. Einnig er þó mögulegt að virkja Neyðarskipulagið frá vettvangi krefjist aðstæður þess. Nefndin ber ábyrgð á að aðstoð berist þangað sem hennar er þörf og svo lengi sem þörf er á.

b) Hópslysanevnd er tengiliður kirkjunnar við stjórnvöld, s.s. samræmingarstöð

almannavarna, Landlæknisembættið, heilsugæslu og sveitarfélög. Og sömuleiðis við stjórnstöðvar RKÍ og annarra þjörgunaraðila.

c) Prófastur ber ábyrgð á því, að unnið sé svæðisskipulag samkvæmt Neyðarskipulaginu í prófastsdæmi sínu. Tvö eða fleiri prófastsdæmi geta sameinast um slíkt skipulag.

d) Nefndin og prófastar hafa samráð varðandi auknar þarfir á kirkjulegri þjónustu á slyssað.

e) Nefndin hefur á útkallslista sérþjálfað fagfólk ("Viðbragðahópur") og annað starfsfólk kirkjunnar og safnaðanna, sem hún getur sent á vettvang ef þörf er á. Einnig hefur nefndin umboð til að kalla aðra starfsmenn kirkjunnar til þeirra verka/þjónustu sem hún telur þörf á. Prófastur hefur umboð til að senda prest út fyrir prestkall sitt þegar nauðsyn krefur.

f) Prófastur í samráði við Hópslysanevnd ber ábyrgð á stuðningi við presta og starfsmenn kirkjunnar sem unnið hafa við stórslys og/eða verið undir miklu álagi vegna stuðnings við syrgjendur.

g) Prófastur í samráði við sóknarprest metur þörf á aukinni kirkjulegri þjónustu við söfnuðinn eftir slysið og leita til biskups telji þeir þörf á.

h) Nefndin sér um að kynna Neyðarskipulag kirkjunnar fyrir starfsmönnum kirkjunnar og öðrum þeim sem málið varðar og skal í því skyni útbúin sérstök handbók, "Neyðaráætlun kirkjunnar", sem afhent skal hverjum starfsmanni. Einnig stuðlar nefndin að því að tiltækt sé stuðnings- og fræðslufni sem hentað gæti við þær aðstæður sem skapast er stórslys verða.

i) Nefndin skal leitast við að koma á og viðhalda góðu sambandi við fjölmiðla, þannig að samstarf við þá verði sem best þegar stórslys verða.

j) Nefndin vinnur að stöðugri endurskoðun á starfsháttum og skipulagi kirkjunnar varðandi viðbrögð hennar við stórslysum.

III. Útkallskerfi

Á hverju svæði (oftast eitt eða fleiri prófastsdæmi) er til bakvaktakerfi presta. Það gegnir jafnframt hlutverki útkallskerfis vegna stórslysa. Ef um stórslys er að ræða ræsir vakthafandi prestur prófast eða fulltrúa hans og virkjar með því neyðarskipulag kirkjunnar. Í undantekningartilvikum getur prestur eða annar fulltrúi á vettvangi virkjað hópslysanefnd beint, ef ekki næst í prófast eða fulltrúa hans.

Stefnt skal að því að hvert svæði sé sem mest sjálft sér nægt um bjargir og kalli ekki eftir frekari aðstoð fyrr en fyrrsjáanlegt er að bjargir heima fyrir dugi ekki. Ef hérað er af einhverjum ástæðum ófært um að virkja eigið hjálparkerfi, þarf hópslysanefnd að kalla út viðbragðahóp.

Greinargerð

Kostnaður

Kirkjuráð samþykki fjárhagsáætlun nefndarinnar og standi skv. henni straum af kostnaði vegna nefndarstarfa og vegna menntunar og þjálfunar þeirra starfsmanna og sjálfboðaliða kirkjunnar sem að þessum málum koma. Hjálparstarf kirkjunnar leggur út fyrir kostnaði vegna neyðaraðgerða skv. umboði nefndarinnar. Kirkjuráð endurgreiðir þennan kostnað sérstaklega. Héraðssjóðir greiða kostnað starfsmanna kirkjunnar vegna æfinga innan eigin aðgerðarsvæðis. Kostnaður vegna starfsmanna sem sendir eru á vegum nefndarinnar milli landshluta vegna æfinga greiðist af kirkjuráði.

Skipurit fyrir stórslysaviðbrögð kirkjunnar

Sjá fylgiskjal.

Næstu verkefni

Fyrstu verkefni úti í prófastsdæmunum í samráði við hópslysanefnd, eru m.a. að:

koma sér saman um hæfileg svæði til samstarfs. Í því sambandi getur t.d. þurft að taka tillit til landfræðilegra aðstæðna og skiptingar landsins í prófastsdæmi og læknishéruð ganga til viðræðna við aðila í héraði um skipulag á svæðinu (lögreglu/aðgerðarstjórn, áfallateymi, heilsugæslu, RKÍ deildir o.fl)

útbúa útkallslista og skipuleggja bakvaktir presta.

Næstu verkefni hópslysanefndar eru m.a. að:

aðstoða prófastsdæmi til þess að virkja skipuritið á sínu starfssvæði.

skilgreina hlutverk HK í neyðarskipulagi kirkjunnar.

vinna að skilgreiningu á hlutverki prófaste í neyðarskipulagi kirkjunnar í samvinnu við kirkjustjórnina og útbúa sérstakar leiðbeiningar fyrir þá. (Hluti af væntanlegri handbók)

gangna til viðræðna við Ríkislögreglustjóra (almannavarnadeild) og Landlækni um formlega aðkomu kirkjunnar að viðbragðakerfi almannavarna, ss. þátt presta í skipulagi almannavarnakerfisins, þátttöku presta í áfallahjálparteymum og langtímaeftirfylgd. Þegar er raunar gert ráð fyrir prestum í nokkrum þáttum almannavarnakerfisins (ss. Varðandi fjöldahjálparstöðvar), en ekki hefur verið samið um þessa hluti. Einnig gerir landlæknir ráð fyrir þátttöku presta í áfallahjálparteymum, sem fyrirhugað er að koma upp víðsvegar um landið. (Ný staða hefur komið upp í þeim málum á Landspítala)

gangna til samninga við ýmsa aðila sem að þessu málum koma, ss. RKÍ og Landsbjörg semja við Ríkislögreglustjóra um það, að fulltrúi hópslysanefndar fái aðstöðu í björgunarmiðstöð Íslands í Skógarhlíð, vegna aðgerða.

útbúa lista yfir vaktsíma prófaste, presta og vakt hópslysnefndar

útbúa lista yfir viðbragðahóp hópslysanefndar (sjá ofar, 2 e)

skilgreina hlutverk starfsmanna kirkjunnar á hverju stigi neyðarskipulags

afla umboðs til að nefndin og/eða prófastar geti sent starfsmenn kirkjunnar á vettvang ef þurfa þykir.

Hér þarf að huga að afleysingum, tryggingum, kostnaði o.fl.

ræða við fulltrúa PÍ og kirkjustjórnarinnar um fyrirkomulag bakvakta
gera kostnaðaráætlun til að hrinda Neyðarskipulaginu í framkvæmd og síðan að halda því við. Hér er
um að ræða kostnað vegna
frágangs Neyðarskipulagsins og kynningar á því
útgáfu handbókar og fræðsluefnis
menntunar
þjálfunar og æfinga
símakostnaðar, 112 og/eða "rauðir" GSM símar
stuðnings og eftirfylgdar við presta og starfsmenn kirkjunnar, sem unnið hafa við stórslysaaðstæður
og/eða verið undir miklu álagi vegna stuðnings við syrgjendur
skilgreina greiðslur vegna ýmis kostnaðar, ss. greiðslur vegna presta sem tímabundið eru sendir á
vettvang stórslyss.
Fylgiskjöl
Skipurit Þjóðkirkjunnar vegna slysa
Skipurit Þjóðkirkjunnar vegna slysa - Almannaástand